

RE: Fyrirspurn vegna rannsóknaverkefnis

Til : Bjarki Jóhannesson
Frá : mhi@verkis.is
CC : snj@verkis.is
Heiti : RE: Fyrirspurn vegna rannsóknaverkefnis
Málsnúmer : 1405038
Málsaðili : Landsnet ehf
Skráð dags : 30.04.2014 16:43:54
Höfundur : mhi@verkis.is

Viðhengi [Hamranes_Kort - Já.pdf](#)[Hamranes_Kort - Já.pdf](#)
[20140430_143559.jpg](#)[20140430_143559.jpg](#)

Sæll aftur Bjarki

Eins og ég sagði í póstinum í gær þá fórum við í dag til að velja hentugan stað fyrir tilraunaskurð. Hentugur staður er sunnan við aðkomuveg að tengivirki Landsnets við Hamranes, á svæði sem áður hefur verið raskað. Sjá myndir í viðhengi.

Vonandi heyri ég frá þér sem fyrst.

Með kveðju
Magnea Huld Ingólfssdóttir

Byggingarverkfræðingur | Civil- and Structural Engineering M.Sc.
354 422 8664 | 354 865 5581 | mhi@verkis.is | [Lync](#)

From: Magnea Huld Ingólfssdóttir
Sent: 29. apríl 2014 18:35
To: 'bjarkij@hafnarfjordur.is'
Cc: Snæbjörn Jónsson
Subject: Fyrirspurn vegna rannsóknaverkefnis

Sæll Bjarki

Við erum að vinna rannsóknaverkefni fyrir Landsnet sem felur meðal annars í sér að grafa lítinn skurð nálægt tengivirki Landsnets við Hamranes. Gerðar verða mælingar á hita- og rakastigi í skurðinum.

Mig langaði til að fá leyfi frá bænum til að grafa þennan skurð.

Lýsing á skurðinum:

Grafa á 6 m langan og 1,2 m djúpan skurð með botnbreidd 0,8 m. Ef yfirborð þar sem grafa á skurðinn er gróið skal skafa um 10 - 15 cm gróðurþekju ofan af skurðstæðinu og geyma. Skurðurinn er svo klæddur með jarðvegsdúk og fylltur að hluta með sandi (mælingarnar fara fram í sandinum). Fylla skal upp í skurðinn með uppgröfnu efni og þjappa. Gengið verður snyrtilega frá yfirborðinu. Ef gróðurþekja var geymd verður henni komið fyrir ofan á raskaða svæðinu eftir skurðgröftinn.

Áætlað er að grafa skurðinn og fylla um miðjan maí. Áætlað er að verkið taki um einn dag, en mælingar verða framkvæmdar í skurðinum í tvö ár. Mælingunum er þannig háttað að mælirör verða skilin eftir í skurðinum sem ná

uppá yfirborð. Komið verður á staðinn og mælt með mælitæki sem látið er síga ofan í rörin.

Við munum fara á morgun, miðvikudag, og velja hentugan stað fyrir tilraunina og ég mun bera staðsetninguna undir ykkur.

Vinsamlega hafðu samband ef frekari upplýsingar þurfa að liggja fyrir.

Með kveðju,

Magnea Huld Ingólfssdóttir

Byggingarverkfræðingur | Civil Engineer M.Sc.
354 422 8664 | 354 865 5581 | mhi@verkis.is | [Lync](https://www.verkis.is)

Ofanleiti 2 | 103 Reykjavík | 354 422 8000 | www.verkis.is